

Námsáætlun fyrir samfélagsgreinar - 7. bekkur
skólaárið 2021 – 2022



Kennari: Kristbjörg Eyjólfsdóttir
Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið Nemandi geti:	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p>Reynsluheimur Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann.</p>	<p>Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. Umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.</p> <p>Notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni.</p> <p>Lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi.</p> <p>Gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra.</p> <p>Gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og</p>	<p>Umræðu- og spurnaraðferðir eru notaðar til þess að þjálfa samræður og gagnrýna hugsun. Kennari les námsefnið fyrir nemendur og skapar umræður um efnið. Saman finnum við aðalatriðin úr textanum og ræðum þau sérstaklega. Nemendur vinna einstaklingslega og í hópum. Í hópavinnu skiptast nemendur á skoðunum og rökræða.</p> <p>Evrópa Áhersla er lögð á að kynna fyrir nemendum heimsálfuna Evrópu og helstu auðlindir hennar. Þá er fjallað um landshætti, gróðurfar, atvinnuhætti, auðlindir og orku, umhverfismál, samgöngur og fjölbreytt mannlíf auk Evrópusamvinnu (ESB, EFTA, Schengen o. fl.)</p> <p>Miðaldafólk á ferð. Í bókinni er sagt frá ferðum fólks og nokkrum atvikum á seinni hluta miðalda, einkum á tímabilinu 1000-1600. Fylgst</p>	<p>Verkefni úr Evrópu. Plakat um norðurlöndin, Ferðalagið um mið evrópu.</p> <p>Verkefni úr bókinni Miðaldafólk á ferð. Ýmsar kynningar og verkefni tengt bókinni og verkefni sem tengjast inn í nútímann. Heimildavinna.</p>

	<p>framkvæmd hennar í samfélaginu.</p> <p>Greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf.</p> <p>Gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar.</p> <p>Metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð.</p> <p>Lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga.</p> <p>Fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta.</p> <p>Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.</p> <p>Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.</p>	<p>með ferðum og samskiptum fólks, einkum á fjarlægum slóðum. Bókinni er ætlað að víkka sjóndeildarhringinn og vekja spurningar um hlutskipti fólks á miðöldum og erindi þess við okkar tíma.</p>	
--	--	---	--

	Velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagskipulagi og þjóðfélagsshreyfingum.		
Hugarheimur – sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.	<p>Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.</p> <p>Áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast.</p> <p>Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess.</p>	Þeir þættir lykilhæfninnar sem hér eru þjálfaðir eru: Skapandi og gagnrýnin hugsun, tjáning og miðlun og sjálfstæði og samvinna.	<p>-Sjálfsmat</p> <p>-hópavinna</p> <p>-þátttaka í umræðum</p>
Félagsheimur – Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.	<p>Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.</p> <p>Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.</p> <p>Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu og samvinnu við aðra.</p> <p>Metið og brugðist við ólíkum</p>		

	<p>skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.</p> <p>Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.</p> <p>Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.</p>		
<p>Námsgögn: Evrópa, les og vinnubók Miðalda fólk á ferð les og vinnubók</p>			
<p>Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.</p>			